

BORGARRÁÐ 9. mars 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um móttöku Þjóðskjalasafnsins á gögnum úr borgarskjalasafni – PON23010028

Í skýrslu KPMG kemur ekkert fram um hvort eða þá hvernig Þjóðskjalasafnið sé í stakk búið til að taka við Borgarskjalasafni eins og stefnt er að sbr. tillögu borgarstjóra um niðurlagningu safnsins. Þá vakna ýmsar spurningar hjá fulltrúa Flokks fólksins. A. Vill Þjóðskjalasafnið taka við Borgarskjalasafninu? B. Hafa átt sér stað einhverjar viðræður um þau mál? C. Hvert er kostnaðarmat Þjóðskjalasafnsins og menntamálaráðherra á slíku verkefni? D. Hvað þyrfti Reykjavíkurborg að greiða í meðgjöf með Borgarskjalasafninu við slíkan tilflutning? E. Er nægilegt að menntamálaráðherra sé sent bréf þess efnis að frá og með einhverjum degi sé Borgarskjalasafn á ábyrgð Þjóðskjalasafns hvort sem það vill eða vill ekki?